

til að endurheimta vexti, er stefndi kann að hafa oftekið af Steingrími Stefánssyni.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda einnig af varakröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Berndsen, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hilmars Ludvigssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. maí 1959.

Nr. 145/1958. **Ákærvaldið** (Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.)

gegn

Eiríki Kristjánssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Okur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir gögnum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, hafa víxillán Sigurðar Berndsens numið samtals eigi lægri fjárhæð en kr. 100.000,00 og vextir af þeim verið minnst 18% p.a. Þá er og í ljós leitt, að víxillán Guðlaugs A. Ásgeirssonar hafa eigi numið lægri fjárhæð alls en kr. 150.000,00 og vextir af þeim minnst 20% p.a. Sjálfur kveður ákærði víxillán þessi og vexti hafa verið hærri. Guðlaugur Ásgeirsson telur víxillán sín hafa numið á þriðja hundrad þúsund krónum, og Gunnar Hall segir vexti af öllum þeim lánnum, sem um er að tefla, hafa verið 60% p.a. Má því

ætla, að umræddar láns- og vaxtafjárhæðir hafi verið hærri en í upphafi greinir, þó eigi verði staðhæft, hve miklu það muni. Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verkjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Kristjánsson, greiði 60.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur og Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 4.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 19. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2870/1958: Ákærvaldið gegn Eiríki Kristjánssyni, sem tekið var til dóms hinn 29. maí sama ár.

Ákærður er Eiríkur Kristjánsson kaupmaður, Víðimel 62 hér í bæ, fyrir að hafa, svo sem í ákæruskjali segir:

I. Á árinu 1954, sennilega 30. sept., keypt af Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64 hér í bæ, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f hér í bænum, víxil til fjögurra mánaða, að nafnverði kr. 50.000,00, samþykktan

af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, út gefinn af Gunnari f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f hér í bæ og ábektan (framseldan) af Gunnari persónulega, gegn 5% vöxtum af víxilfjárhæðinni miðað við mánuð, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar tók lán þetta til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er framangreint brot varðar, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa keypt nefndan 50.000,00 króna víxil af Gunnari Hall fyrir kr. 44.000,00 og tekið þannig 6.000,00 króna afföll af víxilfjárhæðinni.

Framangreint brot, sem framið var hér í bænum, telst varða við 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

II. Á árinu 1953 sem milligöngumaður selt Sigurði Berndsen, Flókagötu 57 hér í bæ, fyrir Gunnar Hall tvo víxla, sennilega til þriggja mánaða eða fjögurra mánaða, samtals að fjárhæð (nafnverði) allt að kr. 130.000,00, samþykkt af Gunnari Hall f. h. fyrirtækisins Ragnars Blöndals h/f, sem hann var framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrir, út gefna af honum f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábekt (framselda) af honum persónulega, gegn allt að 30% ársforvöxtum af hvorri víxilfjárhæð, auk þess sem ákærði fékk frá Gunnari allt að 2% hvorrar víxilfjárhæðar í þóknun fyrir milligöngu sína, en ákærða var kunnugt um, að Gunnar var hér að taka lán til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

III. Á árinu 1953 og fyrra hluta árs 1954 sem milligöngumaður selt Guðlaugi Adolf Ásgeirssyni klæðskera, Sauðagerði C við Reynimel hér í bæ, fyrir Gunnar Hall nokkra víxla, sennilega til þriggja eða fjögurra mánaða, samtals að fjárhæð (nafnverði) allt að kr. 180.000,00 eða nokkuð á þriðja hundrað þúsund krónur, samþykkt af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h/f, út gefna af Gunnari f. h. Nærfataverksmiðjunnar Lillu h/f og ábekt (framselda) af honum persónulega, gegn 25% ársforvöxtum af hverri einstakri víxilfjárhæð, auk þess sem ákærði fékk frá Gunnari allt að 2% hvorrar víxilfjárhæðar í þóknun fyrir milligöngu sína, en ákærða sem Guðlaugi Adolf var kunnugt um, að Gunnar Hall tók lán þessi til vörukaupa fyrir Ragnar Blöndal h/f.

Að því er brot þessi varðar, er hér næst að framan (III) greinir, er málið til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa selt víxla þá, er þar getur, gegn 5% vöxtum miðað við þrjá mánuði af hverri einstakri víxilfjárhæð.

Framangreind brot, sem getur undir II og III og öll voru fram-
in hér í bæ, teljast varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr. laga nr.
73/1933.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu
alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. ágúst
1893 á Sauðárkróki.

Hefur hann á árunum 1938 til 1949 verið sektaður fjórum sinn-
um fyrir ölvunarbrott og auk þess sætt þessum sektum:

1928 4/10 5 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrott á Akureyri.

1935 11/9 400 kr. sekt fyrir tolllagabrott.

1940 20/4 200 kr. sekt fyrir verðlagsbrott.

1949 15/2 300 kr. sekt fyrir verðlagsbrott.

Öðrum refsingum hefur ákærði eigi sætt, svo að kunnugt sé.

Á árunum 1943 til 1955 rak Ragnar Blöndal h/f vefnaðarvöru-
verzlun í Austurstræti 10 hér í bæ, og var Gunnar Hall, Viðimel
64, framkvæmdastjóri félagsins og meðeigandi í því. Um áramót-
in 1954—1955 var félagið komið í slíkar fjárkröggur, að það
hætti verzlunarrekstrinum á öndverðu árinu 1955. Hinn 26. febrú-
ar þess árs lét Gunnar Hall af framkvæmdastjórarfinu og af-
salaði hlutafjäreign sinni og konu sinnar í hendur frú Ilse Blön-
dal og barna hennar, en hún var formaður félagsstjórnarinnar.
Að tilmælum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f
og með samþykki Gunnars Hall, þáverandi framkvæmdastjóra
félagsins, tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að
rannsaka hag fyrirtækisins og leggja niðurstöðu sína fyrir bank-
ana. Við athugun hans kom í ljós, að skuldir félagsins námu um
14 milljónum króna. Eignir félagsins voru seldar, og með samn-
ingum við skuldheimtumenn voru 60 hundraðshlutar skuldanna
teknir sem fullnaðargreiðsla þeirra. Annaðist hæstaréttarlögmað-
urinn samninga þessa og innti greiðslur af hendi.

Í rannsókn málsins skýrði framkvæmdastjórinn svo frá, að á
árunum 1953 og 1954 hefði hann lagt kapp á að birgja verzlun-
ina að vörum, og samþykkti hann fyrir félagsins hönd víxla fyrir
andvirði hinna keyptu vara, og námu þeir að hans sögn geysi-
miklum upphæðum samtals. Þegar að skuldadögum kom, skorti
félagið fé til greiðslna, og leiddi þetta meðal annars til þess, að
framkvæmdastjórinn leitaði eftir lánsfé utan lánastofnana. Sú
viðleitni bar þann árangur, að honum tókst að selja ýmsum ein-
staklingum allmikið af víxlum, sem félagið hafði samþykkt, og
heldur hann því fram, að hann hafi orðið að sæta háum afföll-

um af víxlum þessum, þ. e. a. s., að vextir víxillána þessara hafi farið langt fram úr því, sem heimilt sé.

Einn þeirra, sem hér eiga hlut að máli, er ákærði. Hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi flutzt búferlum hingað til bæjarins árið 1953 og síðan átt heima í næsta húsi við Gunnar Hall. Skömmu eftir flutninginn bar fundum þeirra saman, og fór Gunnar þá fram á, að ákærði lánaði sér peninga, kvaðst eiga kost á hagstæðum vörukaupum, en vanta peninga í svipinn. Ákærði kvaðst hafa spurt Gunnar, hvernig á því stæði, að hann með þessa glæsilegu verzlun, Ragnar Blöndal h/f, væri að biðja sig um peninga, kvaðst enga peninga eiga til að lána honum, en hann (ákærði) gæti reynt að athuga, hvort unnt væri að útvega honum þá. Upp úr þessu útvegaði ákærði Gunnari í nokkur skipti kaupendur að víxlum, og var Gunnar oft mjög áfjáður í slík viðskipti og gekk eftir ákærða um milligöngu í þeim. Bar hann því að jafnaði við, að hann ætti kost á hagstæðum vörukaupum, en vantaði fé til þeirra í bili. Við þessa frásögn ákærða hefur Gunnar eigi gert athugasemd að öðru leyti en því, að hann hefur skýrt svo frá, að þessi viðskipti við ákærða hafi skipt hundruðum þúsunda króna, en að hve miklu leyti ákærði keypti víxlana sjálfur eða var milligöngumaður um sölu þeirra, hafi sér eigi verið kunnugt. Hafi ákærði sagt sér, að hann væri í sambandi við einhverja menn, sem hann nafngreindi aldrei, sem gætu lagt fram peninga. Verður af þessum sökum að leggja til grundvallar í máli þessu skýrslu ákærða um það, að hve miklu leyti hann lagði fram féð sjálfur og að hve miklu leyti hann var milligöngumaður. Í bókhaldi Ragnars Blöndals h/f er viðskipta þessara ekki getið.

Um kjörin eru ákærði og Gunnar mjög ósammála. Sá síðarnefndi heldur því fram, að þau hafi verið hin sömu á öllum lánsvíxlunum, 5% vextir á mánuði, og að í einstökum tilfellum hafi ákærði fengið 1% víxilupphæðarinnar í sölulaun auk vaxtanna.

Sá fyrrnefndi heldur því fram, að hann hafi keypt einn víxil af Gunnari, að upphæð kr. 50.000,00, út gefinn af Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f 30. september 1954, samþykktan af Ragnari Blöndal h/f og ábektan af Gunnari Hall. Þennan víxil, sem var til fjögurra mánaða, keypti ákærði á útgáfudegi, að hann minnr, af Gunnari Hall og greiddi fyrir hann kr. 44.000,00. Eigi gerði hann Gunnari neina grein fyrir skiptingu affallanna, en taldi, að kr. 5.000,00 væru afföll, en kr. 1.000,00 væru 2% „provision“.

Um kjörin eru eigi aðrir til frásagnar en þeir Gunnar og ákærði, og engin gögn eru fram komin um þau önnur en skýrslur þeirra. Verður því að leggja skýrslu ákærða um þau til grundvallar dómi í málinu.

Telja verður, eðli málsins samkvæmt, að í viðskiptum þessum hafi ákærði verið lánveitandi í skilningi laga nr. 73/1933, og þar sem raunverulegir vextir af lánsfénu voru 36% ársvextir, hefur hann gerzt brotlegur við 3. gr. nefndra laga. Sá ágóði, sem ákærði áskildi sér samkvæmt eigin skýrslu umfram lögmeta vexti, 8% á ári, var kr. 4.666,66, en um greiðslu vixilsins fór þannig, að ákærði lýsti honum í skuldaskil Ragnars Blöndals h/f og fékk greidd 60% upphæðarinnar, þ.e.a.s. kr. 30.000,00.

Um víxla þá, sem ákærða er gefið að sök að hafa sem milligöngumaður selt Sigurði Berndsen, Flókagötu 57 hér í bæ, fyrir Gunnar Hall, er það að segja, að ákærði kveðst fyrir tilmæli Gunnars, sem áður eru nefnd, hafa selt Sigurði fyrir hann tvo eða þrjá víxla árið 1953, alls að upphæð um kr. 130.000,00. Segir hann Sigurð hafa tekið af víxlunum 25—30% forvexti yfir árið auk stimpilgjalds, og sjálfur kveðst hann (ákærði) hafa fengið 2% víxilupphæðanna fyrir milligönguna. Sigurður Berndsen minnst þess að hafa árið 1953 keypt víxla á Ragnar Blöndal h/f af ákærða, og gizkar hann á, að víxlarnir hafi verið tveir, að nafnverði samtals kr. 100.000,00. Samprófaðir um upphæðina hefur hvorugur sagzt muna betur en nú hefur verið nefnt. Hvorugur man, til hve langs tíma þessir víxlar voru, en Sigurð minnir, að þeir hafi verið til þriggja mánaða. Heldur Gunnar Hall því fram, að þeir hafi verið til þriggja eða í mesta lagi til fjögurra mánaða. Sigurður heldur því fram, að hann hafi keypt víxla þessa með 18% ársforvöxtum, og þar samprófun hans og ákærða um kjörin engan árangur. Víxlar þessir voru að sögn ákærða út gefnir af Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f, samþykktir af Ragnari Blöndal h/f og ábektir af Gunnari Hall.

Á árinu 1953 og fyrri hluta ársins 1954 kveðst ákærði einnig hafa sem milligöngumaður selt Guðlaugi Adolf Ásgeirssyni klæðskera, Sauðagerði C hér í bænum, nokkra víxla, út gefna, samþykktu og ábektu af sömu aðiljum og áður eru nefndir í sambandi við hina víxlana. Kveðst ákærði alltaf hafa álitid, að Guðlaugur væri ekki hinn raunverulegi kaupandi víxlanna, en ókunnugt hafi sér verið, hver eða hverjir kaupendurnir voru. Heldur ákærði því fram, að víxlar þessir hafi samtals numið

kr. 150.000,00—180.000,00 og að Guðlaugur hafi tekið 25% árs-
vexti. Fékk ákærði hjá honum víxilupphæðirnar að vöxtum frá-
dregnum og afhenti Gunnari, en fékk hjá honum 2% í sölulaun.
Guðlaugur Adolf Ásgeirsson, sem nú er látinn, skýrði svo frá,
að hann hefði keypt talsvert af víxlum á Ragnar Blöndal h/f
af ákærða, meira en ákærði heldur fram, eða samtals að upp-
hæð eitthvað á þriðja hundrad þúsund krónur, og hafi hann tek-
ið í afföll 5% í þrjá mánuði. Samprófunin um upphæðina og
kjörin reyndist árangurslaus.

Hliðstætt því, sem sagt var um áðurnefndan 50.000,00 króna
víxil, verður að telja eðli málsins samkvæmt, að í báðum
þessum tilfellum (ákæruliðum II og III) hafi verið um lán-
veitingar að ræða í skilningi laga nr. 73/1933. Að vísu ann-
aðist ákærði lánsútveganir þessar eftir beiðni Gunnars Hall,
en þar sem hann gerði sér milligöngu um lán þessi að tekju-
lind og vextir af lánsfénu voru yfir 8% á ári, hefur ákærði
með milligöngunni gerzt brotlegur við 2. mgr. 6. gr., sbr. 3. gr.
laga nr. 73/1933.

Vegna þess ósamræmis, sem er milli ákærða og Sigurðar ann-
ars vegar og ákærða og Guðlaugs hins vegar um upphæðir víxil-
lánanna, verður að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa
þær tölur lægstar, sem ákærði hefur haldið fram. Eru það
130.000,00 krónur í viðskiptunum við Sigurð og 150.000,00 kr.
í viðskiptunum við Guðlaug.

Samkvæmt framansögðu er eigi fyllilega sannað, hve mik-
inn ólöglegan ágóða ákærði hefur áskilið sér í viðskiptum þeim,
sem ákæran nær til, og verður því samkvæmt 6. gr. laga nr.
73/1933 að ákveða sektina eftir málavöxtum. Þykir sektin hæfi-
lega ákveðin kr. 66.300,00 til ríkissjóðs, og komi 5 mánaða
varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna
frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar
með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobsson-
ar hrl., kr. 3.000,00.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Kristjánsson, greiði kr. 66.300,00 í sekt
til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 mánuði í stað sektar-
innar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu
dóms þessa

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Áka Jakobssonar hrl., kr. 3.000,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. maí 1959.

Nr. 17/1959. **Ákærvaldið** (Guðm. Ásmundsson hrl.)

gegn

Jóni Friðrikssyni (Guðm. Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur nokkur frekari rannsókn verið háð í málinu.

Sakaratriðum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi og brot ákærða færð til rétttra refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir næg ástæða til að svipta ákærða ökuleyfi.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Friðriksson, greiði 4.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.